



Þingskjal nr.

Tillaga allserjarnefndar að samþykkt VIII. þings Samiðnar um íslenskan vinnumarkað

Þing Samiðnar lýsir miklum vonbrigðum með þróun íslensks vinnumarkaðar á síðustu misserum. Mikill innflutningur hefur átt sér stað á ódýru erlendu vinnuafli þar sem starfsréttindi eru ekki virt og laun eru undir markaðslaunum.

Færst hefur í vöxt að aðalverktakar ráði til sín erlenda undirverktaka sem koma til landsins með sína starfsmenn, sem starfa hér mánuðum saman án þess að af þeim séu greiddir skattar eða önnur gjöld til þjóðarbúsins eins og önnur fyrirtæki gera.

Þetta fyrirkomulag gerir það að verkum að mjög erfitt er að fylgjast með hvaða laun er verið að greiða þar sem launagreiðslur fara fram í heimalandinu. Ljóst er að þetta fyrirkomulag eykur hættuna á félagslegum undirboðum og misnotkun á erlendum starfsmönnum.

Mikilvægt er að bregðast við þessari þróun með róttækum aðgerðum og fara svipaðar leiðir og gert er í okkar nágrannalöndum þ.e. að færa aukna ábyrgð yfir á aðalverktaka og verkkaupa svo tryggja megi starfsmönnum undirverktaka réttindi íslenskra kjarasamninga og laga.

Þing Samiðnar skorar á stjórnvöld að lögbinda ábyrgð aðalverktaka og verkkaupa á skyldum undirverktaka gagnvart starfsmönnum sínum með svo kallaðri keðjuábyrgð eins og þekkist í Noregi

Það er þjóðarskömm að láta það viðgangast að erlent starfsfólk sé misnotað með því að það sé ekki látið njóta kjara- og lögbundinna réttinda. Það er glæpur að misnota fólk og stunda félagsleg undirboð. Þeir sem stunda slíka starfsemi eiga að sæta þungum refsingum.